



### **333. Stjórnarfundur haldinn 5. maí 2009 kl:17:05**

**Mættir: Einar, Kári, Þórður, Birgir, Guðjón og Bjarney.**

#### **1. Fundagerð síðasta fundar.**

Lesin og samþykkt.

#### **2. Innkominn bréf.**

Bréf frá UMFÍ v/ ungmennavíkur NSU.

Bréf frá knattspyrnudeild félagsins v/ Hringbrautarsvæðis.

#### **3. Send bréf.**

Bréf til stjórnar Nýja Kaupþings v/ skrifstofubúnaðar.

Bréf til stjórnar Íslandsbanka v/ skrifstofubúnaðar.

#### **4. 17.júní.**

EH sagði frá fundi sem hann átti við Valgerði Guðmundsdóttur menningarfulltrúa RNB v/ samnings um 17. júní 2009 mánudaginn 4 maí. EH skrifaði svo undir samning um að sjá um skemmtidagskrá 17. júní. 2009 fyrir hönd félagsins, en samningurinn er gerður við íþróttafélögin Keflavík og Njarðvík. EH boðið til fundar í nefndinni fimmtudaginn 7 maí kl. 18:00 í félagsheimili okkar.

#### **5.Önnur mál.**

Ákveðið að fela framkvæmdastjóra að kaupa Stuðningsmannakort á heimaleiki knattspyrnunnar 2009. Ákveðið að skipa EH, PMK og BI sem fulltrúa aðalstjórnar í nefnd með fulltrúum knattspyrnudeildar vegna Hringbrautarsvæðis.

EH skýrði frá tölvupósti frá Ragnari Erni Péturssyni um stöðu á byggingu félagsheimilis okkar, en orðrómur var um að ekki fengist fé til að halda verkinu áfram. Ragnar segist ekki vita annað en að félagsheimilið verði tilbúið að tilsettum tíma. Ekki sé unnið eftir orðrómi. Farið var yfir stöðu mála varðandi ritun á sögu félagsins.

BSS sagði frá fundi landsmótsnefndar. BI var fulltrúi félagsins á fundi varðandi PATHE-verkefnið. Ákveðið að funda með deildum í næstu viku þriðjudag og miðvikudag framkvæmdastjóra falið að setja niður tímaplan.

Næsti fundur 19.05'09 kl.17:05

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19:00  
Fundinn ritaði BI

